

(B)

Menntamálaráðuneytið	
Ab.	R - 1
- 6. mars 2008	
Tilv:	MMR 07100360
Db.	10.2

Skrifstofa rektors

Menntamálaráðuneytið  
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
menntamálaráðherra  
Sölvholsgötu 4  
150 Reykjavík

Akureyri, 3. mars 2008  
Tilv.: 0802023

**Efni: Viðbrögð við efni skýrslu og umsagnir sérfræðinganefndar menntamálaráðuneytis vegna viðurkenningar á auðlinda- og búvisindum.**

Háskólanum á Akureyri hefur borist beiðni frá menntamálaráðuneytinu í bréfi dagsettu 8. febrúar 2008 þar sem óskað er, með vísan til 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að háskólinn skili athugasemdum sínum við efni skýrslu og umsagnir sérfræðinganefndar um auðlinda- og búvisindi. Er það í framhaldi af umsókn háskólans um viðurkenningu á fræðasviðinu á grundvelli 3. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og send var menntamálaráðuneytinu þann 1. september 2007. Aðild að umsókn háskólans um viðurkenningu á auðlinda- og búvisindum áttu viðeigandi námsbrautir í viðskipta- og raunvísindadeild og hafa starfsmenn þeirra átt þess kost að gera athugasemdir við drög skýrslunnar á fyrri stigum.

Skýrslan hefur verið til umræðu og umfjöllunar sem trúnaðarmál á fundum háskólaráðs, framkvæmdastjórnar og viðkomandi deildarforseta háskólans að undanförnu og er hún að áliti allra vel unnin og hin gagnlegasta fyrir háskólann. Eru menn sérstaklega ánægðir með að sérfræðinganefndin skuli mæla með viðurkenningu á fræðasviðinu og taka vel ábendingum um það sem betur má fara. Ein af ábendingum sérfræðinganefndarinnar er að stefna háskólans innan fræðasviðsins sé ekki nægilega skýr. Frá því að umsóknin var send 1. september 2007 og sérfræðinganefndin heimsótti háskólann hefur verið ákveðið að skipta viðskipta- og raunvísindadeild upp í tvær skorir í stað fimm námsbrauta áður og er önnur skorin raunvísindaskor. Er það von manna að þar með eflist raunvísindahluti deildarinnar, stefnumótun verði markvissari og skipulag auðveldara.

Einnig er rétt að geta þess að þann 18. desember 2007 var undirritaður samningur á milli menntamálaráðuneytis og háskólans um kennslu og rannsóknir sem gildir til ársloka 2010. Byggir hann á stefnu Háskólans á Akureyri 2007-2011 sem samþykkt var í háskólaráði 26. febrúar 2007. Samningurinn geymir helstu áherslur í starfsemi HA á samningstímanum og er sameiginlegt markmið samningsaðila að skapa forsendur fyrir því að háskólinn öðlist viðurkenningu sem háskóli á heimsmælikvarða á skilgreindum fræðasviðum. Til að ná fram þessu markmiði hyggjast menntamálaráðuneyti og HA vinna saman að margvíslegum áherslum á samningstímanum sem nánar eru tilgreind í samningnum. Með samningnum fylgir einnig ítarleg áætlun þar sem helstu aðgerðir,